



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun þriggja sýninga
í Gerðarsafni
á Kanadískri menningarhátíð
Kópavogi
14. október 2006**

Ágæti bæjarstjóri,
Sendiherrar, heiðruðu gestir,
Friends from Canada,
Distinguished assembly

Kópavogur hefur á metnaðarfullan hátt skipað sér í forystu í menningarlífi þjóðarinnar. Safnið og Salurinn hér á hæðinni eru til vitnis um framtíðarsýn, djúpan skilning á sköpunarkraftinum sem felst í lifandi tengslum við alþjóðlega listaveröld og vaxtarbroddinn í myndlist og tónlist hér heima.

Fyrir einu ári var nýrri vídd aukið við þetta merka menningarstarf þegar Kópavogur ákvað að efna til glæsilegra rússneskra daga. Í fyrsta sinn fengum við að líta gersemar úr helsta safni keisarátímans; slíkt úrval af rússneskri list hafði aldrei áður verið hér til sýnis.

Um leið lýstu stjórnendur bæjarins þeirri stefnu að áfram yrði efnt til erlendra menningarhátíða í Kópavogi til að styrkja tengsl við önnur ríki og veita landsmönnum innsýn í fjölbættar listir, auðga og dýpka skilning okkar og menningarvitund – Kópavogur yrði í reynd heimsborg á vettvangi listarinnar.

Efndirnar blasa við. Kanadísk menningarhátíð hefst með opnun þriggja sýninga sem allar marka tímamót. Á fjölbættan hátt gefst okkur kostur á að kynnast menningu og listsköpun fólks sem í þúsundir ára hefur búið í Vesturheimi; átt álfuna að heimkynnum löngu áður en Evrópubúar námu þar land.

Íslendingar höfðu að vísu spurnir af þessari veröld frumbyggjanna þegar Leifur heppni og Guðríður snéru aftur úr sínum ferðum og

frásagnirnar voru skráðar á skinn. Fornritin, Eiríks saga rauða og Grænlandingasaga, geyma lýsingar sem þjóðin hefur varðveitt – en samt liðu þúsund ár þar til við fengum að kynna listsköpun og menningarheimi frumbyggjanna á þann hátt sem Kanadíska menningarhátíðin í Kópavogi býður okkur.

Við fáum hér einstakt tækifæri til að kynna list Inúíta, nágretta okkar í Norðri sem í þúsundir ára hafa skapað einstök verk, innblásin af töfraheimi náttúrunnar, viðkvæmu lífi í frosti og kulda.

Löngu fyrir Íslandsbyggð fóru Inúítar um ísbreiðuna, notuðu snjóinn til húsagerðar, stunduðu veiðar með sleða og kajak; kjötið og skinnin gernýtt til lífsviðurværis og beinin til listsköpunar.

Við sjáum í hugskoti fjölskyldur umluktar myrkri langra vetra – himinninn baðaður stjörnuskini og dansandi norðurljósum – einbeittar að móta úr reynslu hins daglega lífs kjörgripi sem nú sóma sér vel í heimsfrægum söfnum.

Myndir Carls Beam gera okkur líka kleift að sjá samhengið í list og lífi frumbyggjanna, kynna heimssýn sem er önnur en okkar, framandi en samt heilsteypt; heimssýn sem ögrar skilningi sem ríkt hefur í siðmenningunni sem Evrópubúar fluttu með sér til Vesturheims.

Í Kólumbusarskýrslunum er að finna hárbeitta gagnrýni á söguskoðun sem við Íslendingar höfum reyndar ætíð gefið lítið fyrir. Carl Beam sýnir okkur hve fáránlegur hrokinn gagnvart frumbyggjunum, veröld þeirra, heimsmynd og lífsýn hefur verið.

Við getum margt lært af sambúð frumbyggjanna við náttúruna, einkum nú þegar lífsstíll og framleiðsluhættir okkar, íbúanna í Evrópu og Ameríku, ögra lífríki jarðar, eru að breyta loftslaginu.

„Þjóð hins dansandi himins“ er svo þriðja sýningin sem við opnum nú. Þar birtist fólkið sem varðveitt hefur arfleifðina, andlitin rúnum rist; birtist okkur á þann hátt sem það valdi sjálft þegar snillingurinn Myron Zabol beindi myndavél sinni í átt til þeirra eftir að hafa um áraraðir hrærst í heimi glaums og tísku.

Sýningarnar þrjár, hver og ein með sérstökum svip, en mynda samt sterka heild og því vil ég með nokkrum orðum þakka kanadísku gestum sem komið hafa færandi hendi.

Ever since the Icelandic Vikings settled for a brief time in Canada, long before the name Canada came to be used, our nation has been aware, through the accounts recorded in the Sagas, of the lives and the struggle of the indigenous people who for millennia made the continent their own.

But never before have we been able to enjoy their art, their culture and the vision offered by the exhibitions that are opening here today.

The Canadian Cultural Festival in Kópavogur invites us to enjoy, for the first time in our country, superb exhibitions dedicated to those who greeted our forefathers and foremothers a thousand years ago.

We are deeply grateful to the museums in Canada and to our Canadian friends who have made this possible and thus strengthened and deepened the relationship between our countries.

Ég þakka einnig Gerðarsafni og bæjaryfirvöldum í Kópavogi fyrir að bjóða okkur á ný til slíkrar veislu og óska Kópavogi – og reyndar Íslendingum öllum – til hamingju með hátíðirnar sem nú hefur verið komið á fót, hátíðir sem kallast skemmtilega á við hinar sem haldnar eru í Reykjavík, ögra höfuðborginni til að gera enn betur.

Með þökkum og árnaðaróskum lýsi ég yfir að sýningarnar þrjár eru hér með opnaðar.